

Alþingi  
Erindi nr. P 131/912  
komudagur 1.3.2005

Hefnding Alþingis  
Sturðunæti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. febrúar 2005.

Alþjóðahúsinu ehf. hefur borist til umsagnar frá Allsherjarnefnd Alþingis, frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, 48. mál. Af því tilefni vill húsið koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Alþjóðahúsið fagnar þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á lögum um útlendinga. Fyrir það fyrsta bendir margt til þess að erlendir unglingar sem hér búa stundi síður framhaldsnám en innlendir jafnaldrar þeirra. Þar sem þeim er nauðsynlegt frá 18 ára aldri að sýna fram á sjálfstæða framfærslu til að fá tímabundið dvalarleyfi sitt framlengt, á það vafalaust stóran þátt í því að ungmennin leita út á vinnumarkaðinn frekar en að stunda frekara nám.

Því má bæta við að nú er nýhafið þriggja ára tilraunaverkefni sem nefnist "Framtíð í nýju landi". Að því standa félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Alþjóðahús, Reykjavíkurborg, Rauði Krossinn og Velferðarsjóður barna. Markmið verkefnisins er að aðstoða ungmenni af víetnömskum (asískum) uppruna við að finna og stunda framhaldsnám við hæfi. Þó verkefnið sé nýhafið hafa þó þegar komið upp erfiðleikar við framkvæmd þess sem rekja má m.a. til núverandi lagaumhverfis. Til dæmis má nefna að einn af þeim möguleikum sem boðið er upp á er að þátttakendur í verkefninu stundi starfsnám við Fjölsmiðjuna. Eins og kunnugt er, eru starfsmenn Fjölsmiðjunnar ungmenni sem flosað hafa upp úr skóla og eru atvinnulaus. Fá þau atvinnuleysisbætur í stað launa.

Ungmennni af erlendum uppruna sem ekki hafa ótímabundið dvalarleyfi hér eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum, en Félagsþjónustan hefur samþykkt að greiða laun þeirra. Skapar þetta strax vandamál að óbreyttum lögum og gæti jafnvel hindrað framgang verkefnisins.

Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ungmenni sem komið hafa hingað yngri en 18 ára og dvalið í landinu á grundvelli 13. gr. útlendingalaga, eigi rétt á búsetuleyfi við 18 ára aldur, hafi foreldri eða framfæranda verið veitt slíkt leyfi. Væri mikil bót að lögfestingu slíks ákvæðis, enda má í það minnsta segja að staða þessara ungmenna hafi verið óljós hingað til.

2. Alþjóðahús tekur undir athugasemdir með frumvarpinu og áréttar efni fylgiskjals, þ.e. bréfs frá Stígamótum, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða Krossi Íslands og Alþjóðahúsinu. Þar koma fram mikilvægar upplýsingar aðstæður hluta þeirra kvenna sem fá dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvista við íslenska ríkisborgara. Á þeim tíma sem liðinn er síðan bréf þetta var ritað hefur staðan síst batnað, farið versnandi ef eitthvað er. Því telur Alþjóðahús afar brýnt að frumvarpið verði að lögum, svo bæta megi stöðu kvennanna.

Virðingarfyllst,



Margrét Steinarsdóttir  
lögfræðingur Alþjóðahúss